

## AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur KFH verður **mánudaginn 30. október kl. 17.00**  
á heimili ritara, Álfheiðar Árnadóttur,  
**Dynskógum 7, 109 Reykjavík.**  
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.  
Veitingar í boði félagsins að aðalfundi loknum.  
Félagsfólk er hvatt til að mæta á aðalfundinn.

### Leyndardómur bænarrinnar

Bænin opnar margar leiðir og við bæn skapast mikill kærleikur  
til þeirra sem beðið er fyrir.

Í starfi mínu á Landspítalanum naut ég þeirrar blessunar  
að eiga mjög gott samstarfsfólk. Ég bað alltaf fyrir  
samstarfsfólki mínu og var þess aðnjótandi að finna  
einstakan kærleika frá þessu starfsfólki og samstarfi  
mínu við það.

Guð gefur okkur fyrirheit og lausnir við dagleg viðfangsefni.

Í starfi mínu á Landspítalanum fann ég að með bæn  
varð allt samstarf við hinar ýmsu stéttir ánægjulegra og árangursríkara.

*Vigdís Magnúsdóttir (1931-2009)*

*Verið ávallt glöð í Drottni. Ég segi aftur: Verið glöð. Ljúflynndi ykkar verði  
kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúk um neitt  
heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og  
þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita  
hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú (Filippíbréfið 4:4-7).*

## Kristilegt félag heilbrigðisstétta



### Fréttir

Október 2017

*Áb: séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir*

*Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.  
Sálm. 119, v. 105*

## 40 ára afmælishátíð

20. mars 2018 kl. 16.30-18.30.

Haldin í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Hátíðardagskrá.

Veitingar í boði félagsins.

Félagsfólk er hvatt til þess að fjölmenna og bjóða með sér gestum.



### Hefur þú hug á að styrkja starf KFH

Styrktarsjóður KFH sem stofnaður var í minningu Vigdísar Magnúsdóttur, styrkir þau málefni sem eru í anda félagsins og í samræmi við lög þess. Leggja má bein framlög inn á styrktarsjóðinn.

Reikningsnúmer: 0301-13-300201. Kennitala: 6602820769.

Vinsamlega skráið „almennur styrkur“

í skýringu við greiðslu.

### Frá formanni

Kæru félagssystkin.

„Ég þakka Guði mínum í hvert skipti sem ég hugsa til ykkar og geri ávallt í öllum bænum mínum með gleði bæn fyrir ykkur öllum vegna samfélags ykkar um fagnaðarerindið frá því þið tókuð við því og allt til þessa. Ég fulltreysti einmitt því að hann, sem byrjaði í ykkur góða verkið, muni fullkomna það allt til dags Jesú Krists“ (Filippibréfið 1:3-7).

Þessi orð Páls postula hafa verið mér hugleikin á þessu hausti sérstaklega í tengslum við undirbúning vetrarstarfs KFH fyrir starfsárið 2017-2018. Félagið okkar er öflugur vettvangur sem hefur áorkað miklu í gegnum árin og áratugina þar sem samhentur hópur sjálfboðaliða hefur lagt mikla vinnu á sig. Ég er ákaflega þakklát fyrir KFH og það félagsfólk sem hefur lagt starfinu lið í gegnum árin og áratugina. Stjórn félagsins hefur ákveðið að hefja endurskoðun á starfseminni þar sem skoðað verður frekar með hvaða hætti kraftar nýtast sem best og hvernig félagið getur á sem bestan hátt komið hugsjónum sínum á framfæri. Í því skyni hefur stjórn tekið þá ákvörðun að gera hlé á félagsfundum þetta starfsárið og einbeita sér að stefnumörkun og stefnumótun. Stjórnin vill leita til félagsfólks í þeim efnum og býður hverjum þeim sem áhuga hefur til samtals og hugmyndavinnu. Eru áhugasamir beðnir um að gefa sig fram við ritara félagsins Álfheiði Árnadóttur á netfangið alfheida hjá gmail.com.

Á komandi starfsári fögnum við 40 ára afmæli félagsins en KFH var stofnað 16. janúar árið 1978. Í tilefni af þessum tímamótum mun stjórnin undirbúa sérstakan afmælisfögnuð þar sem félagsfólki gefst kostur á að koma saman og einnig að bjóða með sér gestum. Afmælisfögnuðurinn verður haldinn **20. mars 2018** í safnaðarheimili Háteigskirkju og biðjum við ykkur að taka daginn frá.

Með góðum kveðjum fyrir hönd stjórnar KFH,

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður